

Nefndasvið Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík  
b.t. nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 13. nóvember 2023

Efni: Umsögn Arkitektafélags Íslands um mál 50 á 154. löggjafarþingi, frumvarp um brottfall laga um heiðurslaun listamanna, nr. 66/2012.

Arkitektafélag Íslands vekur athygli á því að ógagnsætt ferli heiðurslauna er dómur um ferlið sjálft en ekki heiðurslaunin. Það er því nærtækast að endurskoða ferlið og gera það faglegt og gagnsætt en láta ekki heiðurslaunin og listamennina líða fyrir ófagleg vinnubrögð. Ein hugmynd er að miðstöðvar lista og hönnunar tilnefni heiðursverðlaunahafa ár hvert sem kandidat til að hljóta heiðursverðlaunin. Miðstöðvarnar eru Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, Tónlistarmiðstöð, Miðstöð íslenskra bókmennta, Kvikmyndamiðstöð, Myndlistarmiðstöð og Sviðslistamiðstöð. Margar þessara miðstöðva tilnefna nú þegar einn heiðursverðlaunahafa ár hvert, aðila sem hefur skarað fram úr á sínu sviði og skapað mælanlegan og ómælanlegan ávinning fyrir samfélagið og íslenska menningu.

Það er full ástæða og í raun mikilvægt fyrir okkar litla land að veita þeim framúrskarandi listamönnum og hönnuðum sem komnir eru á eftirlaunaaldur, sem hafa á óeigingjarnan hátt glætt íslenskt samfélag og verið mikilvægur samfélagslegur spegill smáþjóðar, heiðurslaun og heiðra þannig vinnu þeirra og verk.

Arkitektafélag Íslands hvetur einnig löggjafa landsins að endurskoða nafn laganna og bæta við orðinu hönnuður og arkitekt, þannig að lögin heiti: Lög um heiðurslaun listamanna, hönnuða og arkitekta.

Arkitektafélag Íslands mælir gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Gerður Jónsdóttir  
Framkvæmdastjóri Arkitektafélag Íslands



**Bandalag íslenskra listamanna**  
*Federation of Icelandic artists*

Nefndasvið Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Rvk.

Reykjavík 13. nóvember 2023

**Efni: Umsögn BÍL um mál 50, 154. löggjafarþingi, Frumvarp um brottfall laga um heiðurslaun listamanna, nr. 66/2012.**

Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) þakkar fyrir tækifærið á að birta álit sitt á þessu frumvarpi sem fjallar um brottfall laga um heiðurslaun listamanna.

Bandalag íslenskra listamanna eru heildarsamtök félaga listgreina á Íslandi og er samkvæmt þjónustusamningi við ráðuneyti menningarmála umsagnaraðili um málefni menningar og listsköpunar í landinu.

Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem BÍL er kallað til umsagnar og samtals um heiðurslaun Alþingis. Fyrst er rétt að hafa nokkur orðum heiðurslaunin sem slík því í greinargerð með tillögunni er blandað saman umræðunni um starfslaun listamanna og heiðurslaun og rétt að áréttu að hér er ekki um sama umhverfi að ræða og að mikilvægi starfslaunanna dregur ekki úr gildi heiðurslauna.

Heiðurslaunin eru öðru fremur viðurkenningarvottur sem Alþingi, í umboði þjóðarinnar, veitir listamönnum sem með löngum og farsælum ferli hafa lagt þjóðinni til verðmæti sem ekki verða metin til fjár og munu lifa með þjóðinni um ókomna tíð. Það lýsir takmörkuðum skilningi á framlagi listarinnar að halda því fram, eins og segir í greinargerð, að heiðurslaunin skili ekki neinum samfélagslegum ávinningi. Þvert á móti eru heiðurslaunin viðurkenning okkar á því að þjóðin meti ævistarf þessara listamanna að verðleikum og gildi starfs þeirra og verka fyrir samfélagið.

Fjármagnið sem úthlutað er til þessara launa er að mestu endurheimt í gegnum tryggingakerfið svo útgjöldin sem slík eru óveruleg fyrir hið opinbera. Þekkt er að listamenn sem lifað hafa af störfum

BÍL - Bandalag íslenskra listamanna, Pósthólf 637, 121 Reykjavík. Sími 862 4808

sínum hafa margir hverjir ekki safnað digrum sjóðum svo kannski mun þessi flís hjálpa til við að gera ævikvöldið bærilegra. En mikilvægast er að þessir listamenn og samfélag þeirra finna að þjóðin sé þakklát þeim fyrir framlag þeirra.

Það er ýmislegt sem gagnrýna má í lagaumhverfi heiðurslaunanna. Fyrir það fyrsta eru heiðurslaunin veitt af Alþingi, allsherjar- og menntamálanefnd hefur „tillöguvaldið“ og til ráðgjafar hefur þingnefndin faghóp sem skipaður er af forseta Alþingis. Allsherjar- og menntamálanefnd hefur ítrekað sniðgengið tillögu nefndarinnar og ekki talið sig bundna af faglegu mati hennar. Þó var ánægjuleg breyting við síðustu ákvörðun um viðbætur á þennan góða lista.

Það er sjálfsagt að taka lagaumhverfi heiðurslauna til endurskoðunar en þá með því markmiði að gera það gagnsæjara og faglegra svo að þeir einstaklingar sem um ræðir geti borið þessa viðurkenningu með stolti, því við fullyrðum að þjóðin sé stolt af þeim.

Erling Jóhannesson  
Forseti Bandlags íslenskra listamanna

# Brottfall laga um heiðurslaun listamanna

50. mál, lagafrumvarp  
154. löggjafarþing 2023–2024.

Umsög Félags Leikstjóra á Íslandi:

Heiðurslaun Listamanna eiga sér nær 100 ára sögu allt frá því að Matthías Jochumson og Torfhildur Hólm fengu þau fyrst.

Heiðurslaun eru mikilvæg sem vottur um virðingu og verðmæti listamanna og kvenna í samfélaginu. Kostnaður við launin er hverfandi, við útreikning þeirra er tekið tillit til annarra tekna, eftirlauna og innkomu annars eðlis og eru þá launin yfirleitt að öllu leyti víkjandi, en heiðurinn hefur mikið táknrænt gildi fyrir listamennina sjálfa og samfélagið í heild.

Heiðurslaun eru virðingar og heiðursvottur fyrir framlag til menningarlífs þjóðarinnar, áminning um þau ómetanlegu verðmæti sem listamenn geta skapað þjóð sinni með störfum sínum, það er helsti samfélagslegi ávinningur þeirra og sá ávinningur er mikils virði til eflingar lista og menningarlífs í landinu og fyrir viðkomu þjóðarinnar og sjálfsmynd.

Það er ekki rétt að hlutlægt mat á störfum listamanna liggi ekki fyrir, það hefur einfaldlega verið hundsáð. Sú nefnd sem sér um úthlutun heiðurslauna, Allsherjar og menntamálanefnd, hefur umgengist heiðurslaunin eftir persónulegum duttlungum og þar til mjög nýlega hundsáð ráðgjöf til þess skipaðrar ráðgjafanefndar sem komið var á að kröfu BÍL. Niðstaðan er sú að mjög hallar á önnur kyn en karlkynið í undangengnum úthlutunum og þann hlut verður að rétta.

Félag Leikstjóra á Íslandi leggst því alfarið á móti niðurfellingu heiðurslaunanna.

F.h. FLÍ  
Ólafur Egilsson  
Formaður Félags leikstjóra á Íslandi  
President of the Icelandic Association of Theatrical Directors  
(e) leikstjorar@leikstjorar.is  
(m) +3546954755

Reykjavík, 13. nóvember 2023

Nefndasvið Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

## Umsögn Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs um mál 50 á 154. löggjafarþingi, frumvarp um brottfall laga um heiðurslaun listamanna, nr. 66/2012.


Miðstöð hönnunar og arkitektúrs barst ekki frumvarpið til umsagnar, frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, en gerir athugasemd og vonar að því verði vel tekið.

*Miðstöð hönnunar og arkitektúrs (MH&A) er breytiafl sjálfbærrar verðmætasköpunar sem byggir á hönnun og arkitektúr. Miðstöðin stuðlar að auknu samstarfi milli hönnuða og fyrirtækja og vinnur að því að efla hönnunardrífna nýsköpun sem mótandi afl í samfélagi og atvinnulífi framtíðar á Íslandi.*

*Miðstöð hönnunar og arkitektúrs er í eigu Arkitektafélags Íslands, Félags húsgagna og innanbússarkitekta, Félags íslenskra landslagsarkitekta, Félags vöru- og iðnhönnuða, Leirlistafélags Íslands, Fatabönnunarfélags Íslands, Textilfélagsins, Félags íslenskra gullsmiða og Félags íslenskra teiknara og er með rekstrar- og þjónustusamning við menningar- og viðskiptaráðuneyti.*

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs telur heiðurslaun eiga rétt á sér og að ekki sé ástæða til að fella lög um þau úr gildi. Úthlutanri heiðurslauna hafa verið gagnrýndar, og hafa á stundum haft á sér tilviljanakenndan brag og því leggur Miðstöðin til að úthlutunarferlið verði endurskotið til að auka gagnsæi og fagleg vinnubrögð.

Heiðurslaunin eru viðurkenning sem alþingi, í umboði þjóðarinnar veitir listamönnum sem með löngum og farsælum ferli hafa lagt þjóðinni til verðmæti sem ekki verða metin til fjár. Heiðurslaunin eru viðurkenning á því að þjóðin meti ævistarf þessara listamanna að verðleikum og gildi starfs þeirra og verka fyrir samfélagið. Þekkt er að listamenn sem lifað



hafa af störfum sínum ná margir hverjir ekki að safna í sjóði fyrir ævikvöldið og eðlilegt að stjórnvöld hafi ferli til að tryggja því fólki mannsæmandi aðstæður.

Lagt er til að ferlið verði endurskoðað og fagmennska og gagnsæi tryggt með því að fela fagfólki áhrif um það hverjir hljóta heiðurslaun. Heiðurslaunin eru veitt af alþingi, allsherjar- og menntamálanefnd sem hefur vald til að leggja til nýja heiðurslaunahafa. Til ráðgjafar hefur þingnefndin faghóp sem skipaður er af forseta alþingis. Allsherjar- og menntamálanefnd hefur ítrekað sniðgengið tillögu nefndarinnar og ekki talið sig bundna af faglegu mati hennar.

Miklar breytingar hafa orðið á svið lista og skapandi greina á undanförunum árum með tilkomu miðstöðva lista og hönnunar, sem hafa þjappað greinunum saman, eru í forsvari fyrir þær, og búa yfir faglegum ferlum. Miðstöðvarnar eru Kvikmyndamiðstöð, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, Miðstöð íslenskra bókmennta, Myndlistarmiðstöð, Sviðslistamiðstöð og Tónlistarmiðstöð.

Auðvelt er og eðlilegt að leita til þeirra árlega eftir tillögum um heiðurslaunahafa úr hverjum faghópi með rökstuðningi. Mótud væri sterkari umgjörð og leiðbeiningar um það hverjir koma til greina og hvað þeir þurfa að uppfylla. Þannig gæti allsherjar- og menntamálanefnd byggt val sitt á sterku faglegu ferli og aukið gagnsæi fagmennsku og þar með virðingu fyrir heiðurslaununum.


Miðstöð hönnunar og arkitektúrs mælir því gegn því að frumvarpið nái fram að ganga. Til umsagnar 50. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

Virðingarfyllst,



Halla Helgadóttir

Framkvæmdastjóri Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs





Nefndarsvið Alþingis  
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 13.11.2023

## EFNI: Umsögn frá Myndstef um frumvarp til laga um brottfall laga um heiðurslaun listamanna

Myndstef, Myndhöfundasjóður Íslands, mótmælir því að lög um heiðurslaun listamanna nr. 66/2012 verði felld niður, sbr. frumvarp til laga um brottfall laga um heiðurslaun listamanna, nr. 66/2012, sbr. þingskjal 50 á 154. löggjafarþingi 2023-2024.

Í frumvarpinu segir: „*Heiðurslaun listamanna virðast því ekki bera neinn samfélagslegan ávinning, enda er það ekki markmið laganna. Eðlilegt verður að teiða að samfélagslegur ávinningur sé forsenda fyrir jafnréttum hins opinbera til þróttá, lista og menningar almenn.*“ Myndstef telur alrangt að heiðurslaun listamanna beri ekki samfélagslegan ávinning og telur að íslenskt listafólk hafi skilað samfélaginu gríðarlegum ávinningi með framlagi sínu til lista- og menningararfs þjóðarinnar, bæði fyrir og eftir að hafa hlotið heiðurslaun.

Að mati Myndstefs mætti þó taka til skoðunar að endurskoða lög um heiðurslaun listamanna í faglegu ferli. Mætti í því skyni t.d. líta til sjónarmiða um markmið og tilgang heiðurslauna og e.t.v. mætti endurskoða hvort heiðurslaun ætti aðeins að úthluta að lokinni hefðbundinni starfsævi, eða jafnvel til ákveðins tíma. Jafnframt vill Myndstef nota tækifærið og minna á mikilvægi þess að gætt sé jafnræðis milli mismunandi listgreina við úthlutun heiðurslauna.

Komi til endurskoðunar laga um heiðurslaun listamanna mætti einnig líta til þess hvort jafnvel ætti að fjölga heiðurslaunum og að þau væru í hlutfalli við fjölgun landsmanna. Þá má nefna að í sumum löndum tíðkast að útnefna einstaklinga sem skara fram úr í listum heiðurstitlinum „þjóðargarsemi“ og er þeim þannig veitt bæði föst laun til æviloka og virðulegur titill að bera.

Virðingarfyllt f.h. Myndstefs,

Vera Sveinbjörnsdóttir  
framkvæmdastjóri Myndstefs

Nefndasvið Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

b.t. [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 6.11.2023.

**Efni:** Umsögn Rithöfundasambands Íslands um mál 50 á 154. löggjafarþingi, frumvarp um brottfall laga um heiðurslaun listamanna, nr. 66/2012.

Rithöfundasamband Íslands þakkar fyrir tækifærið til að segja álit sitt á því frumvarpi sem hér um ræðir.

Hægt er að hafa ýmsar skoðanir á því kerfi sem löggjafinn hefur smíðað um heiðurslaun listamanna en ljóst er að það er bútasumur sem orðið hefur til með samspili hefða, góðs vilja þingmanna í gegnum tíðina, pólitískra bitlinga og skorts á eftirlaunum listamanna. Ljóst er að mikill fjöldi listamanna sem nú eru komnir á sín eftir ár hefur lítið að sækja í hefðbundna lífeyrissjóði enda hafa flestir sjálfstætt starfandi listamann örþjóðar fremur lágar ævitekjur. Það er því full ástæða að veita listamönnum sem skilað hafa farsælu ævistarfi heiðurslaun áfram, bæði til að sýna þeim þann heiður sem þeir eiga skilið og hífa upp tekjur þeirra. RSÍ bendir á að þótt heiðurslaun listamanna séu settir fram sem menningarstyrkir þá fari verulegur hluti þeirra í að niðurgreiða bætur almannatrygginga sem skerðast á móti í flestum tilfellum. Sú upphæð sem ríkið ver í heiðurslaun listamanna sparar ríkinu fé annars staðar í kerfinu.

RSÍ harmar það viðhorf til margra af merkustu listamanna þjóðarinnar sem endurspeglast í frumvarpinu þar sem segir að heiðurslaun listamanna skili ekki neinum samfélagslegum ávinningi. Íslenskir listamenn hafa, fyrr og nú, skilað samfélaginu gríðarlegum ávinningi með störfum sínum og verkum sem oft lifa mun lengur en skapararnir, og halda áfram að vekja okkur, gleðja og skapa samhyggð. Fyrir slíkt ber að þakka og ein leið til þess er veitinga heiðurslauna listamanna.

Rithöfundasamband Íslands mælir því gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,  
Margrét Tryggvadóttir  
formaður Rithöfundasambands Íslands



**Umsögn frá SÍM, Samtökum íslenskra myndlistarmanna, um Þingskjal 50 — 50. mál á 154. löggjafarþingi 2023–2024: Frumvarp til laga um brottfall laga um heiðurslaun listamanna, nr. 66/2012.**

SÍM mótmælir því að lög um heiðurslaun listamanna verði felld niður einhliða. Við teljum að þau eigi að fella niður í núverandi mynd en stofna á sama tíma til sérstaks sjóðs á vegum listamannalauna til að taka við hlutverki þeirra.

Þessu til rökstuðnings viljum við bragðast við rökstuðningi með lagafrumvarpi:

1. Í þriðju efnigrein segir: „Markmið laganna er því ekki að efla þá sem hljóta heiðurslaunin í listsköpun sinni, enda eru heiðurslaunaþegar yfirleitt komnir á eftirlaunaaldur og oft hættir allri listsköpun.“

Það er sérstakt við listamannastarfið að fólk sest almennt ekki í helgan stein þótt eftirlaunaaldri sé náð. Flestir halda áfram störfum við list sína. Hjá mörgum tekur þó við nýtt skeið á ferlinum; þegar aldur færast yfir listamenn fara margir að endurskoða listferilinn og skipuleggja æviverkið þannig að eftirlifendur geti tekið við því, ættingjar og söfn. Vegna þessa teljum við mikilvægt að sérstakt tillit sé tekið til listamanna við lok ferilsins.

2. Ennfremur, við lok þriðju efnisgreinar: „Þess utan geta listamenn ávallt sótt um starfslaun listamanna á grundvelli laga þar um, óháð aldri, og geta því þeir listamenn sem komnir eru á eftirlauna- aldur og enn að störfum aflað sér tekna með þeim hætti.“

Þetta er rétt. Hinsvegar eru gerðar kröfur um að listamenn greini frá þeim verkefnum sem framundan eru við gerð umsóknar. Eldri listamenn eru sjaldnar en aðrir með bein verkefni framundan, sér í lagi ef þeir eru að gera upp feril sinn. Í umhverfi þar sem einungis fjórðungur umsækjenda hlýtur framgang leiðir þetta til þess að ólíklegt er að eldri listamenn hljóti launasetningu en þeir sem yngri eru.

Við teljum þess vegna að með því að færa laun eldri listamanna á skipulegan hátt í sérstökum sjóð listamannalauna megi bregðast við þessum aðstæðum.

3. Í fjórðu efnisgrein segir: „Lengi vel var litið á heiðurslaun listamanna sem eins konar ellilífeyri sem átti að tryggja eldri listamönnum fjárhagslegt öryggi á efri árum. Slík sjónarmið eiga þó ekki við í dag þar sem almannatryggingakerfið tryggir listamönnum jafnt sem öðrum ellilífeyri.“

Listamenn sem hafa að mesttu unnið við listgrein sína njóta réttis til almannatrygginga á ævkvöldinu. Ólíkt öðrum fagstéttum menntamanna eiga þeir hins vegar sjaldan í aðra sjóði að venda. Fæstir listamenn eiga áunninn eftirlaunarétt. Þeir fjármunir sem þeim bjóðast duga því í besta falli til lágmarksviðurværis og alls ekki til frekari starfa á sviði listar sem margir vilja stunda. Þess vegna er þörf á sérstökum sjóði til þess að styðja við listamenn sem eru enn starfandi á eftirlaunaaldri og vilja gera upp æviverkið.

4. Í fyrstu efnigrein á síðu 2 segir: „Þegar ákvörðun er tekin um að veita tilteknum listamanni heiðurslaun liggur nánast ekkert hlutlægt mat þar að baki og svo gott sem eingöngu unnt að ákveða hverjir séu þess verðugir að hljóta heiðurslaun á grundvelli huglægs mats.“

Þessu erum við fyllilega sammála. Núverandi aðferð við launasetningu listamanna sem komnir eru á eftirlaunaaldur er bæði ógagnsæ og skortir faglegan grunn.

Núverandi aðferðir þjóna því ekki markmiðum sínum auk þess sem þau markmið eru óskýr, eins og flutningsmaður bendir réttilega á.

Við leggjum þess vegna til að núverandi lög verð felld úr gildi EN að samhliða þeirri breytingu verði með lögum búinn til sérstakur sjóður innan kerfis listamannalauna sem þjóni því samfélagslega markmiði að styðja við listamenn sem vilja halda áfram störfum sínum á ævikvöldinu.

## Frumvarp til laga

### um brottfall laga um heiðurslaun listamanna, nr. 66/2012.

Flm.: Vilhjálmur Árnason.

1. gr.

Lög um heiðurslaun listamanna, nr. 66/2012, falla úr gildi.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu ákvæði laga um heiðurslaun listamanna, nr. 66/2012, halda gildi sínu gagnvart listamönnum sem hlotið hafa heiðurslaun fyrir gildistöku laga þessara.

Nú hefur listamaður hlotið heiðurslaun samkvæmt lögum um heiðurslaun listamanna, nr. 66/2012, og heldur hann þá þeim réttindum ævilangt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 152. löggjafarþingi (817. mál) en kom ekki til umræðu.

Lög nr. 66/2012 fólu í sér að árlega voru 25 listamönnum veitt heiðurslaun í fjárlögum og námu þau sömu upphæð og starfslaun listamanna á hverjum tíma. Eftir sjötugt námu þau hins vegar 80% af starfslaunum til samræmis við eftirlaunarétt annarra stétta.

Með frumvarpinu er lagt til að lög um heiðurslaun listamanna, nr. 66/2012, verði felld brott. Þó verði tekið tillit til réttinda þeirra sem hafa nú þegar hlotið heiðurslaun á grundvelli laganna. Því er talið rétt að þeim sem nú þegar hafa á einhverjum tímapunkti hlotið heiðurslaun samkvæmt ákvæðum laganna verði greidd heiðurslaun til æviloka og mun Alþingi ekki hrófla við þeim hópi listamanna. Þó getur enginn listamaður sem ekki hefur áður hlotið heiðurslaun haft réttmætar væntingar um að hljóta heiðurslaun samkvæmt lögum um heiðurslaun listamanna, enda er það undir Alþingi komið hverju sinni hverjir hljóta heiðurslaun.

Heiðurslaun listamanna eru í eðli sínu frábrugðin starfslaunum listamanna samkvæmt lögum um listamannalaun, nr. 57/2009. Í lögum um listamannalaun kemur skýrt fram í 1. gr. að tilgangur þeirra sé að „efla listsköpun í landinu“, en slíkan tilgang eða markmið er ekki að finna í lögum um heiðurslaun listamanna. Í raun virðast lögini ekki hafa neinn eiginlegan tilgang annan en að veita afmörkuðum hópi listamanna föst mánaðarlaun fyrir vel unnin störf á sviði lista, enda er ekki gerð krafa um nokkurs konar vinnuframlag frá þeim sem þiggja heiðurslaun eftir að launin eru veitt. Markmið laganna er því ekki að efla þá sem hljóta heiðurslaunin í listsköpun sinni, enda eru heiðurslaunabegar yfirleitt komnir á eftirlaunaaldur og oft hættir allri listsköpun. Þess utan geta listamenn ávallt sótt um starfslaun listamanna á grundvelli laga þar um, óháð aldri, og geta því þeir listamenn sem komnir eru á eftirlaunaaldur og enn að störfum aflað sér tekna með þeim hætti.

Heiðurslaun listamanna virðast því ekki bera neinn samfélagslegan ávinning, enda er það ekki markmið laganna. Eðlilegt verður að telja að samfélagslegur ávinningur sé forsenda fyrir fjárútlátum hins opinbera til íþróttar, lista og menningar almennt. Í tilviki heiðurslaunanna er tilgangur þeirra einungis að heiðra afmarkaðan hóp listamanna sem talinn er hafa skarað fram úr á starfsævi sinni. Færa má rök fyrir því að það sé vel til fundið að heiðra slíka listamenn með einhverjum hætti, en þá væri réttara að gera það með öðrum hætti en föstum launum á kostnað ríkissjóðs. Lengi vel var litið á heiðurslaun listamanna sem eins konar ellilífeyri sem átti að tryggja eldri listamönnum fjárhagslegt öryggi á efri árum. Slík sjónarmið eiga þó ekki við í dag þar sem almannatryggingakerfið tryggir listamönnum jafnt sem öðrum ellilífeyri.

Þegar ákvörðun er tekin um að veita tilteknum listamanni heiðurslaun liggur nánast ekkert hlutlægt mat þar að baki og svo gott sem eingöngu unnt að ákveða hverjir séu þess verðugir að hljóta heiðurslaun á grundvelli huglægs mats. Í ljósi þess að list getur oft verið pólitísk, til að mynda ádeilur á einstaka stjórnámálamenn eða flokka, má líta svo á að óheppilegt sé að hinir sömu stjórnámálamenn og eru skotsþóttir ymissa listamanna ákveði hverjir skuli hljóta heiðurslaun, enda getur það hæglega haft í för með sér að ákvörðunin verði ekki tekin út frá listrænni arfleifð manna heldur pólitískum skoðunum þeirra.

Jafnframt er ferlið í kringum úthlutun heiðurslauna ógagnsætt og oft vandséð hvaða rök liggja að baki vali á listamönnum á heiðurslaunalistann. Slík framkvæmd er til þess fallin að varpa skugga á heiðurslaunafyrirkomulagið og vekur upp efasemdir um fagleg vinnubrögð við úthlutun heiðurslauna.

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
105 Reykjavík  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík 16.11.2023

**Varðar: Umsögn STEFs um drög að frumvarpi til laga um brottfall laga um heiðurslaun listamanna, 50. mál.**

STEF getur að mörgu leyti tekið undir þau sjónarmið sem að fram koma í greinargerðinni með ofangreindu frumvarpi og þá sérstaklega þau rök að ferlið í kringum úthlutun heiðurslauna hafi verið ógagnsætt og að lítið færi fyrir hlutlægu mati á framlag þeirra sem til greina komu að hljóta þessa upphæfð. Í því ljósi er STEF ekki mótfallið því að fella úr gildi lög um heiðurslaun listamanna.

Hins vegar finnst STEFi mikilvægt að þeim fjármunum sem kunna að sparast í framtíðinni við það að heiðurslistamönnum fækki á listanum verði áfram varið innan þessa málaflokks s.s. á þann hátt að auka greiðslur til starfslauna listamanna skv. lögum um listamannalaun nr. 57/2009.

Virðingarfyllst  
F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri

Móttekið með tölvupósti 9. nóvember 2023

Kæra Allsherjar og mennatmálanefnd.

Ein af helstu rökum fyrir heiðurslaunum listamann er sú að vel flestir listamenn eru með mjög óreglulegar tekjur og vegna þess hafa margir ekki greitt reglulega í lífeyrissjóði og hafa því úr afar litlu að spila á efri árum.

Það er hreinlega ekki rétt að þeim sé skapaður lífeyrir sem þeir geta lifað af án þess að eiga neinn séreignasparnað eða hafa borgað í lífeyrissjóð. smbr....

*Lengi vel var litið á heiðurslaun listamanna sem eins konar ellilífeyri sem átti að tryggja eldri listamönnum fjárhagslegt öryggi á efri árum. Slik sjónarmið eiga þó ekki við í dag þar sem almannatryggingakerfið tryggir listamönnum jafnt sem öðrum ellilífeyri.*

Ég verð að gera alvarlegar athugasemdir við nokkrar setningar í greinargerðinni t.a.m. ...enda eru heiðurslaunabegar yfirleitt komnir á eftirlaunaaldur og oft hættir allri listsköpun....

Ekki er hægt að gera að því skóna að flestir séu hættir listsköpun því fæstir hætta því nokkru sinni, meðan þeim endist heilsa.

En aðal ástæða þessara heiðurslauna hlýtur að vera óreglulegar tekjur listamanna upp til hópa, og slæm staða eftirlaunakerfis þeirra.

kkv.

--

**Sigtryggur Baldursson**  
Managing director

